

## Skýrsla náms- og starfsráðgjafa, skólaárið 2018-2019

### Inngangur

Náms- og starfsráðgjöf FMOS er fyrir ALLA nemendur skólans og er skipulögð með það að leiðarljósi að hún sé **fyrirbyggjandi, græðandi, fræðandi og þroskandi**. Náms- og starfsráðgjafar eru sérfræðingar í ráðgjöf um nám, hvort heldur sem er í námi eða um nám en einnig um störf og vinnumarkað. Hlutverk þeirra er að stuðla að velferð nemenda með hagsmuni þeirra að leiðarljósi, vera trúnaðarmenn þeirra og talsmenn innan skólans. Á haustönninni var stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa 160%. Tveir náms- og starfsráðgjafar skiptu með sér þessum stöðum. Á vorönninni fór annar ráðgjafinn í leyfi og var þá 100% náms- og starfsráðgjöf við skólann.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir verkefnum náms- og starfsráðgjafar FMOS. Tilgangurinn er að leggja mat á starfið og fá heildarsýn til að bæta þjónustu við nemendur skólans.

#### *Verkefni náms- og starfsráðgjafa*

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafar FMOS skiptast í *ráðgjöf, stjórnun, kynningar og endurmenntun*. Í töflu 1 má sjá verkefnalýsingu hvers flokks fyrir sig auk þess tíma sem áætlaður er í hvern flokk.

**Tafla 1. Yfirlit yfir verkefni náms- og starfsráðgjafar FMOS, tímaáætlun og vægi verkefna (100% starfshlutfall)**

Verkefni	%	klst/ári
<b>I Ráðgjöf:</b> einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, rafræn ráðgjöf, náms- og starfsval og náms- og starfsfræðsla (undirbúningur, eftirfylgni)	70	1224
<b>II Stjórnun:</b> áætlanagerð, skráningar, skýrslugerð, mat og þróunarvinna, fundir, nefndarstörf og önnur tilfallandi verkefni í samráði við stjórnendur s.s. námsmat, innritun, áminningarferli og áfangar í boði.	20,5	360
<b>III Kynningar á skólanum og þjónustunni:</b> foreldrafundur, grunnskólakynningar, móttaka nýnema.	5	88
<b>IV Endurmenntun:</b> fræðslufundir, námskeið, námsferðir og faghandleiðsla.	4,5	80
<b>Alls:</b>	<b>100</b>	<b>1752</b>
<b>Viðbótarorlof (skv. kjarasamningi KÍ)</b>		<b>+48</b>


### Ráðgjöf

Heildarfjöldi innritaða nemenda á haustönn 2018 voru 359 og á vorönn 2019 voru 326 nemendur við nám í skólanum. Hér á eftir fer nánari umfjöllun um verkefni náms- og starfsráðgjafa sem snúa beint að nemendum.

#### *Einstaklingsráðgjöf*

### Fjöldi ráðþega og ástæður fyrir komu

Náms- og starfsráðgjafar FMOS hafa komið að málum fjölmargra nemenda á skólaárinu. Alls leituðu 289 (80%) nemenda FMOS til ráðgjafarinnar um haustið en 248 (77%) nemendur að vori. Heildarfjöldi viðtala á skólaárinu var 1503, sjá mynd 1. Fækkun viðtala má væntanlega rekja til lækkun stöðuhlutfalls náms- og starfsráðgjafar við skólann.



**Mynd 1. Yfirlit yfir heildarfjölda viðtala, samanburður á milli skólaára.**

Ástæður fyrir komu til náms- og starfsráðgjafa voru:

- aðstoð við skipulag, utan um hald verkefna og námstækni
- persónulegir og félagslegir erfiðleikar
- ráðgjöf og aðstoð vegna vals á áföngum, töflubreytinga og innritunar
- ráðgjöf vegna náms- og starfsvals, áhugagreining og upplýsingagjöf

Flestir nemendur sem nýta sér þjónustuna koma af eigin frumkvæði en nokkrir nefndu tilvísun frá forráðmönnum, kennurum og stjórnendum.


#### *Mæting nemenda*

Fylgst var sérstaklega með mætingu nemenda og haft samband við þá nemendur sem voru með slaka mætingu. Haft var samband við forráðamenn nemenda undir 18 ára eftir þörfum og í samráði við umsjónarkennara. Tilgangurinn var að ná til nemenda áður en þeir hættu alveg að mæta í skólann þar sem slök mæting er sterk vísbending um brotthvarf.

#### *Námserfiðleikar nemenda*

Nemendur sem tilkynntu um námslegan vanda voru 114 á haustönn og 110 á vorönn eða 36% af heildarfjölda nemenda skólans á haustönn og 34% á vorönn, sjá mynd 2. Margir þessara nemenda, eða 30% á haustönn og 26% á vorönn, eru með tvær eða fleiri greiningar. Mynd 2 sýnir hvers konar erfiðleika nemendur FMOS eiga við að stríða. Nemendur sérnámsbrautar eru ekki meðtaldir.

Nemendur hafa ýmist skilað greiningum um námserfiðleika á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa, látið vita munnlega í viðtali við ráðgjafa eða skráð það í INNU. Á nýnemakynningu eru nemendur hvattir til að skila inn greiningum um námserfiðleika sem og eru forráðamenn minntir á það á foreldrafundi í upphafi haustannar.



## Mynd 2. Yfirlit yfir greiningar nemenda

### *Nemendur í áminningarferli*

Undanfarin ár hafa náms- og starfsráðgjafar haft umsjón með nemendum í áminningarferli. Náms- og starfsráðgjafar fara yfir ástundun nemenda eftir miðannarmat og í lok annar og gera lista yfir þá nemendur sem fá áminningu frá skólameistara eða þurfa að fara á samning um bættu ástundun Náms- og starfsráðgjafar fylgja þeim nemendum sem fara á samning sérstaklega eftir.

Nemendur á samningu eru boðaðir í viðtal til náms- og starfsráðgjafa í upphafi annar. Þeir velja síðan hvort þeir koma einu sinni í viku eða aðra hverja viku í viðtöl. Nemendur eru bókaðir í viðtöl alla önnina og fyrir hvert viðtal er þeim sendur tölvupóstur og sms skilaboð. Ef nemendur láta ekkert í sér heyra í einhvern tíma þá er hringt í þá. Ráðgjöfin felst í því að farið var yfir mætingu og verkefnaskil með nemendum og að aðstoða þá við að setja sér námsmarkmið fram að næsta viðtali.

Alls voru 36 nemendur á samningi á haustönn 2018 en 43 nemendur á vorönn 2019. Á haustönn hættu þrjú af þessum nemendum námi er líða tók á önnina en fjórir nemendur á vorönn. Að lokinni haustönn hættu 10 nemendur í áminningarferlinu vegna góðrar ástundunar, 16 fengu brottrekstur og tíu fengu áframhaldandi skólavist með því skilyrði að skrifa undir nýjan samning á vorönn. Fjórir af þeim nemendum sem fengu brottrekstur á haustönn skrifuðu bréf til skólaráðs með útskýringu á slökum árangri og fóru fram á annað tækifæri sem þeir fengu. Einn af þeim útskrifaðist sem stúdent á haustönn, einn stóð sig vel á vorönninni og er því laus úr áminningarferlinu, einn fékk áframhaldandi samning en sá fjórði fékk brottrekstur. Á vorönninni hættu sjö nemendur í áminningarferlinu vegna góðrar ástundunar, 22 nemendur fengu brottrekstur og átta nemendum var boðin skólavist haustið 2019 á nýjum samningi. Sex nemendur af þeim 22 sem fengu brottrekstur skrifuðu bréf til skólaráðs og

fengu allir nemendurnir áframhaldandi skólavist næsta haust með því skilyrði að skrifa undir nýjan samning.

### *Vinnustofur*

Áfanginn NSFR2AA01, náms- og starfsfræðsla, hefur ekki verið í boði síðan á haustönn 2015. Í stað hans hefur verið boðið upp á vinnustofur og kynningar sem standa öllum nemendum skólans opnar, að haustönn 2016 undanskilinni. Þessar vinnustofur/kynningar voru auglýstar á Facebook síðu námsráðgjafa, á fundi með útskriftarnemum og síðar á Facebook hóp þeirra, í tölvupósti og á skjá Upplýsingamiðstöðvarinnar. Á vorönn voru þrjár vinnustofur þ.e. áhugasviðskonun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Lýðháskólinn á Flateyri. Einnig kom námsráðgjöfin að kvíða og námstækni námskeiði sem var skipulagt af sálfræðingi skólans.

### *Rafræn ráðgjöf*

Ráðgjöf fer einnig fram í gegnum miðla eins og síma, tölvupósta og Facebook. Náms- og starfsráðgjöf FMOS heitir Facebook síðan og eru 668 vinir skráðir, aðallega núverandi og fyrrverandi nemendur skólans. Náms- og starfsráðgjafar skólans hafa margoft verið í samskiptum við nemendur í gegnum miðilinn bæði að eigin frumkvæði og einnig að frumkvæði nemendanna. Nemendur eru virkir inni á þessari síðu sem auðveldar ráðgjöfunum að koma til þeirra skilaboðum. Einnig nýta ráðgjafar síðuna til að koma upplýsingum um nám og störf til nemenda sem og ýmsum tilboðum sem eru á vegum námsráðgjafarinnar og standa nemendum opin. Helsti gallinn er að ekki eru allir nemendur skólans virkir á Facebook og því er mikilvægt að nota einnig tölvupóst og senda sms til að upplýsingar komist til allra nemenda.

### *Háskólahermir*

Nemendum FMOS, sem voru um það bil hálfnaðir í námi til stúdentsprófs stóð til boða að heimsækja Háskóla Íslands í tvo daga og kynna sér námsframboðið þar. Kynningin fór fram dagana 7. og 8. febrúar 2019 og fengu nemendur FMOS leyfi frá kennslu á meðan á heimsókninni stóð.

Í Háskólaherminum heimsótti hver nemandi fjögur af fimm fræðasviðum Háskóla Íslands og fengu að spreyta sig á ýmsum verkefnum.

Markmiðið með heimsókninni var að nemendur átti sig betur á námsframboði Háskóla Íslands og hvað felst í námi á hverju sviði. Einnig að kynnast háskólasamfélaginu í heild. Sex nemendur frá FMOS fóru í háskólaherminn.

### *Erlendir nemar*

Einn nemandi kom sem skiptinemi á vegum AFS. Náms- og starfsráðgjafi var tengiliður við hann. Það var ánægjulegt að hafa hann hjá okkur þennan vetur og setti hann skemmtilegan svip á skólalífið í FMOS. Hann var í ÍSAN áfanga á báðum önnum en þrátt fyrir það þá talaði hann nánast eingöngu ensku við aðra nemendur. Erfitt er að eiga við þetta þar sem okkar nemendur tala flest allir góða ensku og umhugsunarvert hvað hægt er að gera til að skiptinemar læri íslensku hjá okkur.

### *Bendill*

Áhugakönnunin Bendill II var lögð fyrir átta nemendur á skólaárinu. En Bendill er könnun sem metur áhuga og birtast niðurstöður myndrænt. Áhugakönnunin hjálpar nemendum til að vera markvissari og skilvirkari í leit að námi eða starfi.

## **Stjórnun**

### *Heildstæð náms- og starfsráðgjafaáætlun*

Náms- og starfsráðgjafar FMOS vinna samkvæmt fyrir fram ákveðinni starfsáætlun sem nær yfir eitt skólaár í senn. Áætlunin tekur til allra þátta innan verksviðs ráðgjafarinnar og er í samræmi við hlutverk og stefnu skólans. Hafa ber í huga að starfsáætlunin er vinnuplagg og því þarf hún að vera sveigjanleg fyrir tilfallandi verkefni. Áætlunina ber að endurskoða árlega og aðlaga eftir því hvað reynslan kennir. Kostirnir við áætlanagerð eru margir eins og að auka líkur á að markmið náist, auðvelda að skoða gæði þjónustunnar og þróun hennar svo eitthvað sé nefnt.

### *Fundir og nefndarstörf*

Náms- og starfsráðgjafar sátu kennarafundi, starfsmannafundi og auk þess hafa náms- og starfsráðgjafar fundað aðra hverja viku með stjórnendum skólans.

Á haustönn sat Náms- og starfsráðgjafi FMOS í sjálfsmatsnefnd þar sem voru vikulegir fundir auk vinnu við sjálfsmatsskýrslu á skólaárinu, sjá <http://www.fmos.is/sjalfsmat/>. Náms- og starfsráðgjafar sátu fundi með umsjónarkennurum.

Náms- og starfsráðgjafar í Mosfellsbæ hittust reglulega til skrafs og ráðagerða. Þetta er mikilvægur samstarfsgrundvöllur þar sem markmiðið er að auka tengsl á milli grunnskólanna í Mosfellsbæ og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

Samstarf hefur verið við félagsþjónustuna í Mosfellsbæ og Reykjavík vegna einstakra nemenda. Síðastliðið haust var haldinn samráðsfundur með félagsþjónustu Mosfellsbæjar og náms- og starfsráðgjöfum FMOS og stendur til að félagsþjónustan komi í heimsókn í FMOS til að kynna sér skólann betur.

Náms- og starfsráðgjafi FMOS situr í stjórn Félags- náms- og starfsráðgjafa. Einnig er hún fulltrúi FNS í Skólamálanefnd FF og verður þar þrjú ár til viðbótar.

### *Innritun*

Náms- og starfsráðgjafar aðstoðuðu stjórnendur við innritun nýnema fyrir vor- og haustönn. Verkefnið fól í sér að samþykka nemendur í skólann, skrá áfanga og meta nám þeirra úr öðrum skólum ásamt viðtölum við einstaklinga sem óskuðu eftir því vegna innritunar þ.e. verðandi nemendur og forráðamenn í sumum tilfellum.

### *Áfangar í boði*

Náms- og starfsráðgjafar sjá um áfanga í boði fyrir komandi önn. Það er að auglýsa áfanga og sjá um skráningu í þá.

### *Námsferlar*

Á haustönn sá náms- og starfsráðgjafar um að meta áfanga sem nemendur hafa lokið frá öðrum framhaldsskólum og fylgjast með námsferli þeirra.

### *Nemar í náms- og starfsráðgjöf*

Vikuna 17.-21. september voru tveir MA nemendur úr náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands í FMOS. Markmiðið var að kynna sér starf náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskóla og fylgdu þeir náms- og starfsráðgjöfum FMOS eftir þessa viku.

Á vorönn, febrúar-maí, var MA nemi úr náms- og starfsráðgjöf HÍ í handleiðslu hjá náms- og starfsráðgjafa FMOS.

### *Kannanir*

Náms- og starfsráðgjafar sjá um kannanir sem utan að komandi einstaklingar vilja fá að leggja fyrir nemendur. Ein slík var á skólaárinu á vegum Rannsóknir og greining, Háskólinn í Reykjavík. Þetta var könnun á högum og líðan ungmenna í öllum framhaldsskólum landsins.

## **Kynningar á skólanum og þjónustunni**

### *Foreldrafundur*

Einn fundur var haldinn fyrir forráðamenn nemenda í upphafi haustannar og voru náms- og starfsráðgjafar þar til ráðgjafar.

### *Grunnskólakynningar*

Á haustönn voru skipulagðar kynningar á FMOS fyrir nemendur í 10. bekk í Lágafellsskóla, Varmárskóla, Klébergsskóla, Tjarnarskóla og einnig komu nemendur frá Hólmavík. Kynningarnar voru unnar í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna. Tilgangurinn með þeim er að nemendur í 10. bekk kynnist kennsluháttum og námsframboði FMOS og fái innsýn í starf skólans.

FMOS bauð nemendum í 10. bekk og bæjarbúum á opið hús þar sem fólki var boðið að ganga um skólann og kynna sér starfsemi hans. Opna húsið var auglýst í bæjarblaðinu Mosfellingi ásamt Árbæjar- og Grafarvogsblaðinu einni voru A3 plagöt hengd víða um bæinn og í Árbæ og Grafarvogi.

Náms- og starfsráðgjafi var með kynningu á Lágafellsskóla á vorönn 2019 fyrir nemendur í 9. bekk. Einnig var sent boð á náms- og starfsráðgjafa í Varmárskóla og Klébergsskóla en þeir sáu sér ekki fært að þiggja boðið.

Mín framtíð eða Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningin var haldin í Laugardalshöll 14. – 16. mars. Þar voru framhaldsskólar landsins með kynningu á námsframboði sínu. Sett var af stað teymi sem náms- og starfsráðgjafi sat í ásamt Tinnu stærðfræðikennara og Guðrúnu aðstoðarskólameistara. Fundað var reglulega þar til að kynningunni kom. Prentuð voru 500 lítil nafnspjöld með lógói skólans og þeim brautum sem eru í boði. Keyptir voru símatappar með lógói skólans til að gefa nemendum. Pantarir voru 1000 stk og var afgangurinn nýttur á opna húsinu. Ljósmyndari var fenginn til að mynda nokkra nemendur og voru myndirnar nýttar í að auglýsa skólann. Einnig fengum við hönnuð til að búa til auglýsingar fyrir okkur. Sendur var tölvupóstur á nemendur og

Þeir beðnir um að taka þátt í kynningunni með okkur og gáfu nokkrir frábærir nemendur sig fram. Pantaðir voru FMOS bolir fyrir nemendur til að vera í kynningunni. Nemendur fengu síðan að eiga bolina að lokinni kynningu. Opna húsið var haldið í vikunni á eftir og var það auglýst vel í Laugardalshöllinni.

Nokkuð var um að forráðamenn og/eða nemendur hefðu samband og óskuðu eftir kynningu á námsframboði og skólahúsnæðinu. Þessar kynningar eru óskráðar.

### *Móttaka nýnema*

Mikilvægt er að vel sé staðið að móttöku nýnema með það að markmiði að greiða fyrir aðlögun þeirra og sporna við brotthvarfi nemenda. Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í móttöku nýnema á haust- og vorönn ásamt aðstoðarskólameistara.

Náms- og starfsráðgjafar og brúarstjórar Framhaldsskólabrúar tóku viðtöl við nýnema á brautinni í júní og ágúst. Markmiðið með viðtölunum var að kynna væntanlegum nemendum og forráðamönnum þeirra áherslur brautarinnar og kynnast verðandi nemendum lítillega.

### **Endurmenntun**

Í kjarasamningi KÍ-FF er gert ráð fyrir að náms- og starfsráðgjafar afli sér endurmenntunar í 80 klst. árlega miðað við 100% starfshlutfall. Náms- og starfsráðgjafar eru duglegir við að nýta þessa endurmenntunartíma og fóru meðal annars til Gautaborgar á alþjóðlega ráðstefnu náms- og starfsráðgjafa. Einnig var farið til Nijmegen í Holland með starfsfólki skólans þar sem Hollenskir skólar voru skoðaðir.

### **Lokaorð**

Nú er Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ að ljúka sínu tíunda starfsári og eins og fram kemur í þessari skýrslu hefur náms- og starfsráðgjöf FMOS komið að fjölda verkefna sem snúa að nemendum og skólastarfinu í heild. Það sem var frábrugðið þessu skólaári frá öðrum er að annar ráðgjafinn fór í leyfi á vorönn og kemur ekki til starfa aftur í haust sem náms- og starfsráðgjafi heldur sem áfangastjóri og verður því einn ráðgjafi í fullu starfi við skólann en um 320 nemendur eru við nám í FMOS.

FMOS er tíu ára á þessu ári og því var fagnað í apríl með starfsfólki, nemendum og öðrum gestum. Á þessum tíu árum hefur skólinn stækkað og dafnað og hefur undirrituð fulla trú á að svo verði áfram. Það hefur verið gaman að taka þátt í því góða starfi sem á sér stað hér í FMOS þar sem bæði nemendur og starfsmenn eru áhugasamir um að láta öllum líða vel sem hér eru í húsi.

Gleðilegt sumar!

Svanhildur Svavarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi FMOS.